



Línuverðir í blaki

Gefið út í október 2017

Skjal þetta er til leiðbeininga um línuverði í blaki

Línuverðir eru notaðir í úrvalsdeild karla og kvenna og í neðri deildarmótum. Í neðri deildarmótum eru línuverðir á vegum umsjónarliðs hvers leiks.

Í Úrvalsdeild karla og kvenna eru línuverðir á vegum heimaliðs en þó er heimilt að fá línuverði með öðrum leiðum, s.s. tala við dómara eða þá línuverði sem hafa starfað sem slíkir fyrir BLÍ.

Dómgæsla með línuverði

Línuverðir skulu vera tilbúnir til starfa 30 mín fyrir leik.

Aðaldómara leiksins ber að tala við línuverði fyrir leik og ræða eftirtalin atriði:

- Línuverðir eru hluti af dómarateymi leiksins og eru starfsmenn leiksins fyrst og fremst.
 - Línuverðir skulu ekki hafa nein samskipti við leikmenn eða áhorfendur og ef leikmenn reyna að hafa áhrif á línuverði með samskiptum ber dómara að taka á því með refsingu.
- Línuverðir eru til þess að aðstoða aðaldómarann að taka sína ákvörðun. Aðaldómari getur dæmt andstætt við línuverð ef dómari er viss um ákvörðun línuvarða sé röng.
- Dómara ber þó að treysta ákvörðunum sinna línuvarða en þó þannig að það komi ekki niður á leiknum eða liðunum. Ef dómari sér annað en línuverður þá er það bara þannig.
- Ef línuverður sér ekki hvað gerðist eða treystir sér ekki til að flagga skal hann ekki gera neitt, sýna EKKERT merki.
- Staða línuvarða: Vera ca 0,5-1 metra frá horni vallarins. Línuverður 1 er á hægri hönd aðaldómarans og á langa hliðarlínu og stutta endalínu. Færsla línuvarða er mikilvæg og t.a.m. í uppgjöf skal línuverður standa þannig að hann sjá endalínuna vel uppgjafarmegin og fara svo strax í hlutlausa stöðu.
- Þegar línuverður FLAGGAR skal standa beinn og sína merkið sitt með beinum handleggjum.
- Dómara ber að sýna línuverði merkin: Inni/úti, snerting, stígið á línu í uppgjöf, snerting boltans við antenu eða annað utan vallarsvæðis.

Fatnaður línuvarða

- Dökkar buxur og svartur bolur. Félögin ættu að koma sér upp starfsmannasetti á starfsmenn leikja.
- Mikilvægt er að línuverður sé í Íþróttaskóm svo hann geti með snöggri hreyfingu fært sig svo leikmenn ná til bolta ef svo ber undir.

Þátttaka línuvarða

- Línuverðir taka þátt í kynningu leiksins, raða sér við hlið dómara í upphafi kynningar og koma svo til dómara eftir leik til að þakka leikmönnum fyrir leikinn.

Gefið út af dómaranefnd BLÍ, október 2017